

HÖRGÁRSVEIT AUGLÝSIR TVÆR LÓÐIR VIÐ LÓNSVEG LAUSAR TIL UMSÓKNAR



Lónsvegur 1, atvinnustarfsemi:

1.872 m² lóð fyrir verslun, þjónustu og atvinnustarfsemi, hámarksstærð byggingar 750 m². Lóð næst hringtorgi. Gert er ráð fyrir þriggja hæða byggingu með verslunar- og þjónusturými á jarðhæð og skrifstofum á efri hæðum. Sambyggt aðliggjandi fjölbýlishúsi (Lónsvegur 3). Gatnagerðargjald er samkvæmt gjaldskrá Hörgársveitar og er miðað við okt. 2025 kr. 13.000.000,-. Byggingarréttargjald er að lágmarki kr. 5.000,- á heimilaðan fermetra.

Lónsvegur 3, fjölbýlishús:

2.388 m² lóð fyrir þriggja hæða 20 íbúða fjölbýlishús með bílageymslu í kjallara. Lóð þar sem áður var tjaldsvæði. Hámarksstærð byggingar 3.000 m². (1.900 m². íbúðir, 1.100 m². bílageymsla) Sambyggt byggingu á næstu lóð (Lónsvegur 1). Gatnagerðargjald er samkvæmt gjaldskrá Hörgársveitar og er miðað við okt. 2025 er kr. 58.000.000,-. Byggingarréttargjald er að lágmarki kr. 5.000,- á heimilaðan fermetra íbúða og kr. 1.250,- á heimilaðan fermetra í bílageymslu.

Stefnt er því að lóðirnar verði byggingarhæfar vorið 2026. Lóðirnar eru samkvæmt samþykktu deiliskipulagi.

Gjöld vegna veitna eru í öllum tilfellum ekki innifalin. Lóðunum verður úthlutað samkvæmt reglum um lóðarveitingar í Hörgársveit og þeim skilmálum sem þar koma fram:

Frekari upplýsingar um deiliskipulag, kort og teikningar ásamt reglum um lóðarveitingar má sjá á heimasíðu sveitarfélagsins: horgarsveit.is. Áhugasamir aðilar skulu senda umsóknir á horgarsveit@horgarsveit.is eigi síðar en **17. nóvember 2025** þar sem fram koma þær upplýsingar sem tilgreindar eru í reglum um lóðarveitingar í Hörgársveit.

Umsóknaraðilar geta boðið hærra byggingarréttargjald en lágmark til að auka möguleika á því að fá lóð úthlutað. Frekari upplýsingar veitir sveitarstjóri, snorri@horgarsveit.is.

